

hafi misnotað embættisstöðu sína þá og áður — og ekki rjettlætt. Verður því eftir kröfu stefnanda að ómerkja þau og láta stefnda sæta sekt fyrir þau eftir 219. gr. almenura hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þegar sekt stefnds er ákveðin þykir hinsvegar verða að taka tillit til upplýsinga þeirra frá hans hálfu, sem að framan greinir, nefnilega að samskonar samningur og gerður var við hann hafi verið gerður við ritstjóra annars blaðs hjer í bænum, og að tengdasonur stefnanda var ritstjóri þess blaðs, þótt eigi væri samningurinn gerður við hann, en þessu hefir ekki verið neitað. Þykir sekt stefnds að þessu athugnuðu hæfilega ákveðin 100 krónur til ríkissjóðs, og komi í stað hennar ef hún er ekki öll greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, 7 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndur mætti eigi við sáttaumleitun í málinu og hefir þó eigi aðrar afsakanir fram að færa en gleymsku sína, verður hann að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 120 krónur.

Miðvikudaginn 16. júní 1926.

Nr. 10/1926.

Björn Ólafsson fyrir sjálfan sig og f. h. h/f. Johan Hansens Sönnar (Pjetur Magnússon)

gegn

Verzluninni Geysir og h/f. Hrogn & Lýsi (Stefán Jóh. Stefánsson)

Ógilding fjárnámsgjörðar.

Dómur hæstarjettar.

Með gestarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar 24. okt. f. á. var hið stefnda firma h/f. Hrogn & Lýsi dæmt til að greiða meðstefnda, versluninni Geysir kr. 3707.18 ásamt vöxtum og kostnaði. Að liðnum aðfararfresti krafðist dómshafi fjárnáms til fullnustu dómsins og gerði fógetarjettur Reykjavíkur 18. des.

f. á. fjárnámið, að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðja manns, í 2 herpinótum og 10 reknetum, er stjórnarformaður hlutafjelagsins Hrogn & Lýsi vísaði fógötanum á, að hlutafjlagið ætti geymt í svonefndum Haukhúsum í Reykjavík.

Fjárnámi þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu 30. jan. og framhaldsstefnu 11. febr. þ. á. og hafa áfrýjendurnir krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi og að hin stefndu firmu verði in solidum dæmd til að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Hin stefndu firmu hafa hinsvegar krafist, að fjárnámsgjörðin verði staðfest og að þeim verði dæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Áfrýjendur byggja kröfu sína um ógildingu fjárnámsins á því, að hinir fjárnumdu munir hafi ekki verið eign h/f. Hrogn & Lýsi þegar fjárnám fór fram, heldur hafi herpinæturnar verið eign h/f. Johan Hansens Sönnar í Bergen og reknetin eign áfrýjanda Björns Ólafssonar.

Um herpinæturnar er það með nýjum gögnum upplýst fyrir hæstarjetti, að hlutafjlagið Hrogn & Lýsi fjekk þær hjá h/f. Johan Hansens Sönnar í Bergen og var um þær gerður skriflegur samningur dags. 25. júní f. á., er af hálfu h/f. Hrogn & Lýsi var undirritaður af framkvæmdarstjóra þess, er jafnframt var prókúruhafi með valdsviði eins og ákveðið er í 25. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903. Í samning þessum segir, að h/f. Johan Hansens Sönnar leigi h/f. Hrogn & Lýsi herpinæturnar til notkunar fyrir 25540 kr., er einnig var söluverð nótanna. Átti helmingur leigunnar að greiðast 15. ágúst og hinn helmingurinn 15. sept. f. á. og ef leigan þannig var greidd varð h/f. Hrogn & Lýsi þar með eigandi

herpinótanna. Í samningnum er það ennfremur tekið fram, að meðan næturnar eru leigðar sju þær í ábyrgð leigusala eftir reglum þeim, er gildi um lán og ef leigan sje ekki greidd á rjettum gjalddögum þá sje leigusala heimilt að taka næturnar aftur af leigutaka, er sje að eins handhafi þeirra, en hafi ekki sjálfstæðan eignarhaldsrjett á þeim. Samkvæmt samningi þessum samþykki h/f. Hrogn & Lýsi tvo vixla fyrir leigunni með gjalddögum eins og að framan segir. Hvorugur vixla þessara er greiddur á rjettum tíma og nokkrum tíma áður en fjárnámið fór fram eða þ. 27. okt. f. á. afhenti framkvæmdarstjóri h/f. Hrogn & Lýsi næturnar áfrýjanda Birni Ólafssyni, er var aðalumboðsmaður hjer á landi fyrir h/f. Johan Hansens Sønner og tilkynti framkvæmdarstjórinn þetta brjeflega manni þeim, er geymdi herpinæturnar og það með, að þær væru h/f. Hrogn & Lýsi óviðkomandi frá þeim degi, en geymslumaður tilkynti aftur Birni Ólafssyni, að næturnar yrðu geymdar fyrir hann.

Hvað sem því liður hvern rjett framanefndur leigusamningur hefir skapað samningsaðilum eða skuldheimtumönnum þeirra verður að líta svo á, að afhending nóttanna til umboðsmanns leigusala 27. okt. f. á. hafi það í för með sjer, að næturnar væru ekki eign h/f. Hrogn & Lýsi þegar fjárnámið var gert og skuldheimtumönnum síðastnefnds fjelags því óheimilt að gera fjárnám í þeim.

Um reknetin er það upplýst, einnig með nýjum gögnum, að þ. 27. okt. f. á. seldi framkvæmdarstjóri og prókúruhafi h/f. Hrogn & Lýsi áfrýjanda Birni Ólafssyni 100 reknet, er hlutafjelagið átti geymd í »Haukshúsum« og er það viðurkent að þau 10 reknet, er fjárnámi voru tekin, var einn hluti af þess-

um netum. Framkvæmdarstjórinn tilkynti og sölu þessa samdægurs þeim, er annaðist geymslu netanna og hann gaf aftur Birni Ólafssyni brjeflega viðurkenningu fyrir því, að netin væru þar eftir geymd fyrir hann. Með gögnum þessum er í málinu fengin full sönnun fyrir því, að reknetin hafi verið eign Björn Ólafssonar þegar fjárnámið fór fram.

Með því þannig að næg sönnun er framkomin í málinu fyrir því, að áfrýjendurnir hafi verið eigendur herpinótanna og reknetanna, er fjárnámið fór fram, verður samkvæmt kröfu þeirra, að fella það úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að hin stefndu firmu in solidum greiði áfrýjendum málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 250 krónur.

Þvi dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð er úr gildi feld.

Stefndu, Verslunin Geysir og h/f. Hrogn & Lýsi, greiði in solidum áfrýjanda Birni Ólafssyni sjálfs hans vegna og fyrir hönd h/f. Johan Hansens Sønner í Bergen, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Fógeti kvað ekki upp reglulegan úrskurð í málinu.
